# um helgina



## Á Kjarvalsstöðum

Nú á mánudagskvöldið klukkan 20.30 mun hin rómaða Strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík halda tónleika á Kjarvalsstöðum. Stjórnandinn er Mark Reedman og er sveitin ásamt honum senn á förum til Aberdeen í Skotlandi þar sem henni hefur verið boðið að taka þátt í alþjóðlegri tónlistarhátíð ungmenna.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og ýmis fyrirtæki og einstaklingar hafa stutt sveitina til fararinnar og flytur hún þeim öllum þakkir.

Á tónleikunum á Kjarvalsstöðum á mánudagskvöldið verða leikin verk eftir Purcell, Bach, Grieg, Hindemith og Respighi og verða þær Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari og Svava Bernharðsdóttir lágfiðluleikari einleikarar.

Þessir tónleikar Strengjasveitarinnar verða þeir síðustu sem hún heldur í núverandi mynd því meirihluti meðlima er á förum til náms í útlöndum næsta haust.

Aðgöngumiðar eru seldir við innganginn.

*Listmunahúsið:*

## Nína Gautadóttir sýnir leðurverk



Í dag, laugardag, klukkan 14.00 opnar sýning í Listmunahúsinu við Lækjargötu, á verkum Nínu Gautadóttur og eru þau unnin í leður á striga.


Nína Gautadóttir nam í París árin 1971–1976 en þá lauk hún burtfararprófi í málaralist og næstu árin stundaði hún framhaldsnám í höggmyndalist og listvefnaði.

Nína hefur tekið þátt í fjölda samsýninga en aðeins einu sinni áður sýnt hér á landi: það var árið 1980 og voru á þeirri sýningu eingöngu veflistarverk.

Síðustu tvö árin hefur hún búið í Níger og þar hefur hún unnið þau verk sem verða til sýnis í Listmunahúsinu.

Sýningin er sölusýning og verður opin virka daga frá kl. 10.00 – 18.00, laugardaga og sunnudaga frá kl. 14.00 – 18.00. Á mánudögum er lokað. Sýningunni lýkur 21. ágúst.

**– gat**



*Hallsteinn Sigurðsson*

## Sýnir á Kjarvalsstöðum

Á morgun opnar Hallsteinn Sigurðsson sýningu að Kjarvalsstöðum á skúlptúrum og eru verkin átta að tölu, unnin í járn og ál.

Hallsteinn nam við Myndlista- og handíðaskólann 1963–'66 og í London frá 196–'72. Hann hefur haldið einkasýningar hér á landi 1971, '72, '75, '80, '81 og '83 og að auki tekið þátt í fjölda samsýninga bæði heima og erlendis.

*Laugardag og sunnudag:*

## Sumartónleikar í Skálholti



Á öðrum sumartónleikum í Skálholti, sem verða laugardaginn 6. ágúst og sunnudaginn 7. ágúst kl. 15.00 síðdegis, verða fluttar þrjár sónötur fyrir barokkfiðlu og sembal eftir J.S. Bach. Mun það fátítt hérlendis að heyra þessi verk flutt í upprunalegri mynd.

Flytjendur eru Michael Shelton, fiðluleikari, og Helga Ingólfsdóttir, semballeikari.


## Hljómsveit frá Bandaríkjunum

Sumarhátíð stendur nú fyrir dyrum hjá þroskaheftum og velunnurum þeirra og verður hún að þessu sinni haldin veitingahúsinu Broadway í Reykjavík, miðvikudaginn 10. ágúst. Þar verður margt til gamans gert og m.a. koma fram gestir frá Bandaríkjunum, kórinn The River City Good Time Band.

Kór þennan mynda 12 söngvarar og hljóðfæraleikarar frá borginni Sacramento í Kalíforníu og var hann stofnaður árið 1976. Hópur þessi er sérstæður að því leyti, að félagarnir eru allir þroskaheftir. Hjónin Jan Carole Brewer komu honum á laggirnar upphaflega sem lið í prógrammi Sacramentoborgar fyrir þroskahefta. Þau hjón eru bæði tónlistarmenn og sérkennarar og mikið áhugafólk um lið tónlistar í almennri menntun.

The River City Good Time Band hafa komið fram víða í Bandaríkjunum bæði á hljómleikum og í útvarpi og sjónvarpi og hvarvetna hlotið lof mikið fyrir frammistöðuna. Þau munu koma fram aðeins í þetta eina skipti hér á landi, en þau eru á heimleið úr hljómleikaferð um Norðurlöndin. Þau eru lifandi dæmi um það hversu langt er hægt að ná í endurhæfingu þroskaheftra og hvernig hjálpa má þessum einstaklingum til að öðlast meiri lífsfyllingu.

Á sumarhátíðinni mun hljómsveitin/kórinn vera með skemmtiþætti ásamt því að leika fyrir dansi undir lokin. Þá koma fram fjölmargir innlendir skemmtikraftar og áreiðanlega verður mikið fjör.



**Þessi geitungadrottning fannst í Reykjavík 1978, hins vegar er lítil von fyrir skordýraskoðunarmenn að finna geitunga núna í þessum kuldum.**

*Skoðunarferð NVSV í dag*

## Skordýr skoðuð

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands efnir á morgun til sinnar fimmtu skoðunarferðar um Reykjavík og nágrenni.

Ferðin hefst klukkan 13.30 við Norræna húsið, þaðan verður farið í Náttúrufræðistofnun Íslands og þar skoðuð smásýning á skordýrum sem sett hefur verið upp í tilefni ferðarinnar. Að því búnu verður haldið út í náttúruna þar sem Erling Ólafsson dýrafræðingur sýnir þátttakendum ýmis skordýr; farið verður í Öskjuhlíð og hugað að gildrum og svipast um eftir smádýrum, og ef veður leyfir verður hugsanlega farið í Heiðmörk. Áhugasamir skordýrarýnendur skyldu hafa með sér dósir og flísatengur.

Fargjald verður 150 krónur og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

**– gat**

### myndlist

Þann 4. ágúst var opnuð í sýningarsal Bókhlöðunnar á Akranesi sýning sem menntamálaráðuneytið og Menningarstofnun Bandaríkjanna á Íslandi standa sameiginlega að.

Þetta er sýning á framlagi Íslendinga á Scandinavia Today sýninguna sem haldin var á sínum tíma í Bandaríkjunum.

Sýningin verður opin í tvær vikur á meðan bókhlaðan sjálf er opin.

Nýverið opnaði grænlenska listakonan **Kistat Lund** sýningu á myndum sínum í anddyri Norræna hússins.

Kistat Lund hefur bæði haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum í heimalandi sínu og víðar. Hún sækir viðfangsefni sín til grænlenskrar náttúru og þjóðsagna. Í tengslum við sýninguna verða grænlenskar bækur af ýmsu tagi til sýnis á bókasafni Norræna hússins. Sýningin er opin á venjulegum opnunartímum hússins.

**– gat**

### tónlist

Í dag, laugardag, klukkan 17.00 stendur Íslandsdeild „Ung Nordisk Musik" samtakanna fyrir tónleikum í Norræna húsinu. Árleg tónlistarhátíð samtakanna verður haldin í Osló í lok ágúst og nú er tækifærið að kynnast framlagi Íslands á þá hátíð.

Að sögn aðstandenda tónleikanna verða þrjú verk valin til flutnings í Osló. Þeir sögðu einnig að mikið væri um að vera hjá ungum tónskáldum nú um mundir og ný kynslóð tónskálda væri að koma fram á sjónarsviðið. Ekki töldu þeir að ein stefna væri öðrum fremur ríkjandi; nútímatónlist væri afar ólík innbyrðis og erfitt að fella hana undir einn hatt.

Á tónleikunum í Norræna húsinu í dag verða frumflutt verk eftir Kjartan Ólafsson, sem semur við kafla úr Píslarsögu Jóns Magnússonar; Hauk Tómasson, sem semur kvartett fyrir píanó, selló, fiðlu og klarinett; Mist Þorkelsdóttur sem kallar verk sit **Nótflót** og Atla Ingólfsson sem nefnir sitt verk **Nót.** Að auki verða flutt verk eftir Hilmar Þórðarson, Guðna Ágústsson, Lárus H. Grímsson.

**– gat**

**Hanne Juul** vísnasöngkona heldur tónleika á mánudagskvöld í Norræna húsinu klukkan 20.30.

Hún syngur norrænar vísur og leikur undir á gítar. Hún starfar nú í Svíþjóð en hefur ferðast um öll Norðurlönd og haldið tónleika. Hanne bjó á Íslandi í 9 ár og átti m.a. hlut að stofnun „Vísnavina" en nú er hins vegar nokkuð um liðið síðan hún söng hér síðast.

Miðarnir á tónleikana eru seldir í bókasafni Norræna hússins í dag og á morgun og ennfremur við innganginn.

**– gat**

### ýmislegt

Árbæjarsafn verður opið laugardag og sunnudag frá klukkan 13.30 – 18.00. Klukkan 16.00 á sunnudag mun Kolbeinn Bjarnason flautuleikari spila fyrir gesti.

Kaffiveitingar verða báða dagana í Eimreiðarskemmu. Aðgangseyrir er 40 kr. fyrir fullorðna og 20 kr. fyrir unglinga á aldrinum 12–16 ára.